

Nr. 029 / 13 Kajak

Banaslys í Herdísarvík

Tegund kajaks: Prijon Sea Yak, eins manns
Fjöldi skipverja: 1

Gögn:
Lögregluskýrsla



Málið afgreitt á fundi á fundi 14. febrúar 2014 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Hilmarí Snorrasyni. Pálmi K. Jónsson tók þátt í afgreiðslu málsins.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 21. apríl 2013 var maður á kajak á stangveiðum í Herdísarvík í Selvogi. Veður: SA 3-5 m/s, lítill sjór og lofthiti um 6°C.

Vegfarandi tók eftir að maður á kajak átti í vandræðum og hafði samband við Neyðarlínuna. Björgunarsveit var kölluð út ásamt þyrilu LHG og áhöfn hennar náði manningnum úr sjónum. Lífgunartilraunir báru ekki árangur.

Við rannsókn kom fram:

Lögreglan á Selfossi fór með rannsókn málsins og þar kemur fram að hinn látni hafi verið einn á ferð. Samkvæmt myndskreiði sem fannst í síma hans hafði hann átt í viðureign í nokkurn tíma við stóran fisk, sem hugsanlega hafi náð að hvolfa bátinum.

Kajak báturinn var í góðu ásigkomulagi og maðurinn sem fórst var klæddur Storm Crewsaver þurrbúningi ásamt flotvesti þar yfir. Hann notaði ekki svuntu í umrætt sinn. Maðurinn hafði talsverða reynslu á kajak en búningurinn sem hann var í var ekki í fullkomnu lagi. Var hann fullur af sjó þegar maðurinn fannst.

Samkvæmt krufningaskýrslu voru dánarörsök mannsins drukknun.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.

Nefndin bendir á að hún hefur gert alvarlegar athugasemdir við að fólk sé eitt á ferð á kajak. (Sjá mál nr. 150/06 og 068/09)